



Reykjavík 13. febrúar 2015

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Efni: umsögn um tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Ferðafélagið Útivist hefur kynnt sér efni tillögu Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Útivist leggur áherslu á að landsskipulagsstefna sé unninn út frá því sjónarmiði að hálendi Íslands og öræfi séu ómetanleg auðlind sem ekki má frekar ganga á með nýjum virkjunum og stór-mannvirkjagerð. Markmiðið eigi að vera að vernda, viðhalda og styrkja möguleika náttúrulegrar upplifunar, en forðast allt sem spillt getur þeim þeim auðæfum sem hálendi Íslands er. Það er skoðun Útivistar að of skammt sé gengið í þá átt í þeim drögum sem kynnt eru nú.

Útivist hefur kynnt sér umsögn Landverndar sem send verður stofnuninni í dag og tekur undir þá umsögn.

Virðingarfyllt fyrir hönd Útivistar

Þórarinn Eyfjörð
formaður Útivistar

